

Mánudaginn 8. júní 1998.

Nr. 234/1998.

Sigríður Emma Guðmundsdóttir
Sigríður Jónína Guðmundsdóttir og
Sigrún Sigurðardóttir

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Herði Grétari Gunnarssyni og
Ingibjörgu Leifsdóttur

(Helgi Birgisson hrl.)

Kærumál. Útivist. Endurupptaka máls.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 20. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 3. júní sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að mál varnaraðila á hendur þeim yrði endurupptekið, en það var dómtekið 15. apríl sama árs vegna úti-vistar af hálfu sóknaraðila frá þinghaldi þann dag. Kæruheimild er í i-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar krefjast þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðilar dæmdir til að greiða kærumálskostnað.

Héraðsdómari gerði laugardaginn 4. apríl 1998 skriflega tilkynningu til lögmanna málsaðila um fyrrnefnt þinghald miðvikudaginn 15. sama mánaðar. Lögmanni sóknaraðila var send tilkynningin í ábyrgðarbréfi, sem var póstlagt samkvæmt gögnum málsins mánudaginn 6. apríl 1998. Lögmaðurinn vitjaði bréfsins föstudaginn 17. sama mánaðar, og hafði málið þá verið dómtekið samkvæmt kröfu varnaraðila. Lögmaðurinn kveður tilkynningu um ábyrgðarbréfið ekki hafa borist á skrifstofu sína fyrr en að morgni fimmtudagsins 16. apríl 1998, og hafi tilkynningin borið með sér, að um ítrekun væri að ræða.

Fyrirgreind tilkynning héraðsdómara var send á sannanlegan hátt, eins og áskilið er í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 91/1991. Ákvað dómariinn að hafa þennan hátt á sendingunni, svo sem honum er lagt á vald með nefndu ákvæði. Þá var jafnframt fullnægt áskilnaði þessa ákvæðis um, að tilkynningin væri send með hæfilegum fyrirvara, enda var hann nægilegur, þótt tekið sé tillit til þess, að hún hafi verið pósthöfð í upphafi dymbilviku og nokkrir almennir frí dagar hafi verið á tímabilinu fram til þinghaldsins. Eru því ekki slíkir annmarkar á tilkynningu héraðsdómara um þinghaldið, að útivist af hálfu sóknaraðila verði metin þeim vítalaus. Samkvæmt þessu eru ekki skilyrði til að verða við kröfu sóknaraðila um endurupp-töku málsins, og verður niðurstaða hins kærða úrskurðar því staðfest.

Rétt þykir, að aðilar beri hver sinn kostnað af kærumáli þessu.

Það athugast, að héraðsdómari gætti ekki að þeim áskilnaði 4. mgr. 97. gr. laga nr. 91/1991, að krefjast verði endurupptöku máls með skriflegri beiðni.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 1998.

Ár 1998, föstudag 8. maí, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Höllu Bachmann Ólafsdóttur dómarafulltrúa. Fyrir er tekið mál nr. E-690/1998: Hörður Grétar Gunnarsson og Ingibjörg Leifsdóttir gegn Sigríði Emmu Guðmundsdóttur, Sigríði Jónínu Guðmundsdóttur og Sigrúnu Sigurðardóttur.

Málið var tekið til úrskurðar 30. apríl sl., og er nú í dóminum kveðinn upp eftirfarandi úrskurður.

Á dómþingi 17. febrúar sl. þingfestu stefnendur, Hörður Grétar Gunnarsson, kt. 101168-5299, og Ingibjörg Leifsdóttir, kt. 250370-4669, Sörlaskjólí 62, Reykjavík, mál á hendur Sigríði Emmu Guðmundsdóttur, kt. 220921-5069, Tryggvagötu 9, Selfossi, Sigríði Jónínu Guðmundsdóttur, kt. 171118-3449, Njardargötu 5, Reykjavík, og Sigrúnu Sigurðardóttur, kt. 270258-6389, Áshildarholti II, Sauðárkróki.

17. mars s. á. skilaði lögmaður stefndu greinargerð í málinu, og fór málið þá til dómstjóra til úthlutunar.

Dómara málsins var úthlutað málinu 2. apríl sl., og 3. apríl sendi dómstjórinn í Héraðsdómi Reykjavíkur lögmönnum stefnenda og stefndu bréf, þar sem fram kom, hvaða héraðsdómari færi með málið.

4. apríl skrifaði dómariinn í málinu lögmönnum aðila bréf og boðaði til þinghalds 15. apríl 1998. Dómari sendi lögmanni stefnenda boðunarbréfið með símbréfi. Í símaskrá, á gulum síðum, er skrá um lögmenn, og er Jón Bjarnason hrl. skráður með tvö símanúmer, en ekkert símbréfanúmer. Dómari sendi Jóni því boðunarbréfið í ábyrgð. Bréfið var sent 6. apríl 1998, mánudag í dymbilviku. Boðað var til þinghalds miðvikudaginn 15. apríl, í vikunni eftir páska, kl. 13.40, en lögmaður stefndu sótti ekki þinghaldið og boðaði ekki forföll, og var málið því dómtekið að kröfu lögmanns stefnenda.

Síðdegis föstudag 17. apríl hringdi Jón Bjarnason hrl. til dómara málsins. Dómari var þá ekki við, en lögmaðurinn og dómariinn ræddu saman að morgni mánudagsins 20. apríl. Í því samtali kom fram, að lögmaðurinn hefði verið utanbæjar þar til að kvöldi mánudags, annars dags páska, 13. apríl sl. Kvaðst hann ekki hafa átt von á boðun fyrir dóminn með þessum hætti, væri vanur að vera boðaður í þinghöld með símbréfi.

Málið var tekið fyrir 30. apríl sl., og gerði lögmaður stefndu þar kröfu um endurupptöku. Kvaðst hann ekki hafa verið í bænnum frá pálmasunnudegi, en komið aftur í bæinn seint að kvöldi annars páskadags. Kvað lögmaðurinn þau hjón bæði hafa farið úr bænnum, en þau búi ein. Hann kannast ekki við að hafa fengið tilkynningu um ábyrgðarbréf, fyrr en hann hafi fengið tilkynningu um ítrekun bréfsins, og sótt bréfið 17. apríl sl. Kvaðst hann ekki telja, að óeðlilegur dráttur hefði orðið á því, að hann sækti bréfið, frá því að hann hefði fengið tilkynningu um ítrekun. Strax og hann hafi fengið bréfið í hendur, hafi hann haft símasamband við dómara málsins. Kvaðst hann ekki hafa átt von á boðun í þinghald með ábyrgðarbréfi, þar sem hann hefði árum saman verið boðaður í þinghald í Héraðsdómi Reykjavíkur með faxi. Óskaði hann eftir, að fram kæmi, að hann merkti þingskjöl með faxnúmeri sínu.

Þegar dómari boðaði til þinghalda miðvikudag 15. apríl sl., var ekki eingöngu verið að boða Jón Bjarnason hrl. og Helga Birgisson hrl., heldur var verið að boða fimm aðra lögmenn og einn aðila. Fengu lögmennirnir sex boðun með símbréfi, og fann dómari númer þeirra allra á gulu síðum símaskrárinnar. Aðili í einu máli og Jón Bjarnason hrl. voru boðaðir með ábyrgðarbréfi, þar sem þeir voru ekki skráðir í skrána með bréfsímanúmer.

Lögmaður stefnenda, Helgi Birgisson, mótmælti kröfu um endurupptöku

á þeirri forsendu, að lögmaður stefndu hefði ekki sýnt fram á lögmat forföll. Því sé ekki fullnægt skilyrðum 4. tl. 97. gr. eml. um endurupptöku. Liggi fyrir samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands frá árinu 1994, bls. 2350, að boðun á faxi sé ekki lögmat boðun.

Samkvæmt upplýsingum Íslandspósts hf. gilda ákveðnar reglur um ábyrgðarsendingar. Viðtakanda er send tilkynning, strax og bréfið er póstlagt, og hefði hann átt að fá fyrri tilkynninguna 7. apríl sl. Sé bréfið ekki sótt, er send önnur tilkynning. Sú tilkynning er send, þegar vika er liðin, frá því að bréfið er póstlagt. Tilkynningin um ítrekun hefði því átt að fara frá Íslandspósti, Pósthússtræti, Reykjavík, 13. apríl sl., en þar sem þann dag bar upp á annan páskadag, var hún send viðtakanda þriðjudaginn 14. s. m. og borin á heimili hans sama dag um hádegi. Póstur er borinn út í Bergstaðastræti, þar sem lögmaður stefndu býr og hefur skrifstofu, alla morgna á tímabilinu frá kl. 11.00–14.00.

Stefnanda var send tilkynning um ábyrgðarbréf á heimili sitt, þar sem hann býr einn ásamt eiginkonu sinni. Er fáheyr, að slíkar tilkynningar berist ekki viðtakendum. Stefnandi hefur haldið því fram, að hann hafi verið utanbæjar. Má vel vera, að svo hafi verið, en ekki verður séð, hvaða máli það skiptir dóminn að vita, að hann hafi verið fjarverandi, þegar hann heldur því svo fram, að hann hafi ekki fengið tilkynningu um bréfið, fyrr en honum hafi borist tilkynning um ítrekun, eftir að hann kom heim. Það er hins vegar mergurinn málsins, að síðari tilkynningin barst lögmanni stefndu sannanlega degi áður en hann átti að koma til þinghaldsins.

Lögmaður stefndu hefur fullyrt, að fyrri tilkynning um ábyrgðarbréfið hafi ekki borist sér, en hann síðan sótt bréfið, strax og hann hafi fengið ítrekun um það. Fyrir liggur, að bréfið var sótt 17. apríl sl., en á miða, sem festur er við tilkynninguna, er því haldið fram, að tilkynningin hafi verið í póstkassanum að morgni 16. apríl sl. Lögmaðurinn sótti því bréfið rúmum sólarhring eftir, að hann segist hafa fengið tilkynningu um ítrekun. Samkvæmt upplýsingum Íslandspósts var sú tilkynning send út og borin út til stefnda um hádegi þriðjudaginn 14. apríl sl. Er því augljóst, að lögmaður stefndu hirti ekki um að sækja bréfið fyrr en þremur sólarhringum eftir að ítrekunartilkynningin barst í póstkassann, en tíu dögum eftir að fyrri tilkynningin hefði átt að berast honum.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, er það mat dómsins, að lögmaður stefndu þyki ekki hafa sýnt fram á, að hann hafi ekki verið boðaður með tryggu hætti til þinghaldsins miðvikudaginn 15. apríl sl. Er ekki fallist á, að lögmaður stefndu hafi haft lögmat forföll við fyrirtöku málsins þann dag, og er kröfu um endurupptöku málsins því hafnað.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu um endurupptöku málsins nr. E-690/1998 er hafnað.
